

Umsögn Bandalags íslenskra námsmanna (BÍSN) um frumvarp um breytingu á lögum um útlendinga

Nr. 96 15. maí 2002 með síðari breytingum – 337. mál

Reykjavík, 25. febrúar 2008


Stjórn BÍSN hefur tekið fyrir ofangreint frumvarp og kynnt sér meðfylgjandi greinagerð, þá sérstaklega grein f. (12. gr. e.) *Dvalarleyfi vegna náms* og gert neðangreinda umsögn varðandi hana.

Stjórn BÍSN telur að frumvarpið í heild snerti ekki hagsmunum námsmanna að undanskildum e lið 12. gr.

Í heildina er stjórn BÍSN sátt við grein f. (12. gr. e.) *Dvalarleyfi vegna náms* en vill koma að eftirfarandi athugasemdir:

Liður b þar sem sett er skilyrði um að útlendingar séu í 100% námi til þess að fá námsvistarleyfi er að okkar mati of strangur. Margt getur komið upp hjá fólki sem nemur í öðru landi og að setja kröfu um að það fólk sé í 100% námi er of mikið að okkar mati. Þá getur það komið upp í einhverjum tilfellum að 100% nám sé ekki í boði á ákveðnum námsbrautum. Eðlilegra væri að gera kröfu um 75% námshlutfall.

Einnig er vert að kanna það hvort ekki væri hentugra að námsvistaleyfi yrðu veitt til allt að níu mánaða í senn. Það væri betra fyrir þá sem koma hingað til þess að dvelja heilt skólaár, sem er níu mánuðir. Þá væri hægt að fella leyfið úr gildi ef námskröfur væru ekki uppfylltar.



F.h BÍSN Jón Ólafur Valdimarsson, framkvæmdarstjóri

BÍSN